

Á reiðhjóli um Fjarðarheiði og Fagradal

Skrifað af Austurglugginn
miðvikudagur, 02 apríl 2008

Hetjur hversdagsins eru margar. Eina þeirra hitti Austurglugginn.is á reiðhjóli í botni Reyðarfjarðar í morgun.

Markus Schorn er tæplega þrítugur ævintýramaður frá Köln í Þýskalandi. Hann kom til landsins í gær með Norrænu. Ferð hans til Íslands er partur af heimsreisu Markus. Farartæki hans er reiðhjól, með aftanívagni þar sem hann geymir vistir og nauðsynlegan útbúnað. Hann hóf heimsreisu sína í Cologne þaðan lá leið hans til Bretlandseyja þar sem hann hjólaði um Bretlandseyjar. Þaðan fór hann til Skandinavíu, til Færeyja og loks til Íslands með Norrænu.

Það voru ekki beysnar aðstæður sem biðu Markus á Seyðisfirði í gær. Snjóél, vindur og fljúgandi hálsa tóku á móti honum. Fyrsti áfangi hans á Íslandi var jafnframt sá erfiðasti. Torfarinn fjallvegurinn yfir Fjarðarheiði og ekki síður erfiður vegurinn yfir Fagradal var fyrsti áfangi hans. Markus gekk vel í gær og tókst ætlunarverk sitt. Hann segir Fjarðarheiði hafa verið frekar erfiða í gær. “Hún var ansi erfið, snjógöng, hálsa, lélegt skyggni og kuldi hafði áhrif á mig. Fagradalurinn var líka erfiður.” Segir Markus sem sér fram á auðveldari ferðadag í dag. Í dag mun hann hjóla frá Reyðarfirði til Breiðdalsvíkur, en för hans er heitið til Reykjavíkur. “Ég reikna með að það taki sjö daga að hjóla til Reykjavíkur.” Sagði Markus Schorn þegar Austurglugginn hitti hann í Reyðarfirði í morgun, en þá hafði hann hjólað um 3000 kílómetra frá því 1. febrúar.

Mynd: Markus þegar hann var lagður af stað í morgun í Reyðarfirði. (Austurglugginn/EBÞ)

English:

Through Fjarðarheiði and Fagradal on a bicycle.

They are many, the heroes of today. Austurglugginn met one of them cycling through Reyðarfjarður this morning.

Markus Schorn is an adventurous young man (he is not quite 30 years old) from Cologne, Germany. He arrived here yesterday with the ship Norrænu. Markus' journey to Iceland is part of a round-the-world trip. His means of transport are a bicycle and a trailer in which he carries his clothes and all the necessary equipment.

His round-the-world trip, which started in Cologne, took him to Great Britain, where he cycled round the whole country, then to Scandinavia, on to the Faroe Islands and lastly to Iceland with Norrænu.

It wasn't exactly the best circumstances that met Markus in Seyðisfjörðir yesterday. Snow, winds and slippery ground were there defying him. The first leg of his route through Iceland was equally challenging: the first part of his itinerary went over the tough hills of Fjarðarheiði and not easier road across Fagradal. All went well for Markus on his adventures yesterday, although he admits that Fjarðarheiði was rather tough. “It was hard work. The snow, hail, low visibility and the cold had an impact on me. Fagradalur was also hard.” Says Markus who expects an easier day for his travels today.

Today he intends to ride from Reyðarfjörður to Breiðdalsvík, and from there to Reykjavík. “I think it should take me about 7 days to cycle to Reykjavík” said Markus Schorn when Austurglugginn met him this morning in Reyðarfirði...and at that time, he had cycled 3000 km since his departure on 1st February.

Picture: Markus, ready to go this morning in Reyðarfirði.